



Viðauki 1 við samstarfssamning

Undirritaðir aðilar, Borgarbyggð, kt. 510694-2289, Borgarbraut 11., 310 Borgarnesi og Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB), kt. 670269-0869, Borgarbraut 61., 310 Borgarnesi gera með sér svofelldan viðaukasamning við samstarfssamning dagsettan 25.04 2013 milli sömu aðila um fjárhæðir styrkja.

Grein 1. - greiðslur til UMSB:

Í samræmi við grein 7.1. í samstarfssamningi greiðir Borgarbyggð UMSB styrki vegna eftirtalinna verkefna. Upphæðir styrkja eru sem hér segir:

a) Samkvæmt grein 7.1.1. – þjónustustyrkur	4.800.000 kr.
b) Samkvæmt grein 7.1.2. – starfsstyrkur	4.000.000 kr.
c) Samkvæmt grein 6.3. – kjör íþróttamanns Borgarfjarðar 2014	250.000 kr.
d) Samkvæmt grein 6.4. – afreksmannsjóður 2014	300.000 kr.
e) Samkvæmt grein 6.5. – heilsuvika	250.000 kr.
f) Samkvæmt grein 6.6. – umsjón íþróttavalla	2.300.000 kr.

Samtals 11.900.000 kr.

Grein 2. - óbeinar greiðslur til UMSB

Í samræmi við grein 7.2. í samstarfssamningi leggur Borgarbyggð UMSB til aðstöðu til afnota fyrir hreyfinguna án gjaldtöku. Reiknað verðmæti afnotastyrkja er sem hér segir:

a) Samkvæmt grein 7.2.1. – afnot af íþróttaaðstöðu	20.268.000 kr.
b) Samkvæmt grein 7.2.3. – önnur mannvirki	752.646 kr.

Samtals 21.020.646 kr.

Samningaaðilar geta hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á upphæðum einstakra greiðslna og skulu þá umræður um það teknar upp svo fljótt sem verða má. Verði aðilar sammála um að breyta einstökun upphæðum samkvæmt grein 1. skal endurnýja þennan viðaukasamning með breyttum upphæðum. Komist aðilar ekki að samkomulagi gilda uppsagnarákvæði greinar 8. í samstarfssamning.

Greiðslur samkvæmt grein 1. skulu tengdar vísitölu neysliverðs. Grunnvísitalan er vísitalan 1. janúar 2013 sem er 171,9. Greiðslur skulu fyrst hækka þann þann 1. janúar 2014. Heildarupphæð beinna styrkja samkvæmt grein 1. skal greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum þann 1. hvers mánaðar.

Öllu framansögðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir viðaukasamning þennan í votta viðurvist. Viðaukasamningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda sínu frumeintaki.

Borgarnesi 25. apríl. 2013

Fh. Borgarbyggðar

Fh. Ungmennasambands Borgarfjarðar